



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

12. OKTÓBER 2012

EFNI BRÉFSINS:

FRÁ FORMANNI HAUST-FUNDUR HS	1
Á DÖFINNI HJÁ HS	2
ÓSÓTTAR BÆKUR	2
ÓSÓTT VERÐLAUN	2
AÐGANGUR AÐ WORLD FENG	2
KYNBÓTA-SÝNINGAR 2012	2
STÓÐHESTA-SKÝRSLUR / FANGVOTTORÐ	2

WWW.BSSL.IS/HROSSARAEXT

FRÁ FORMANNI

Ágætu félagsmenn, nú er komið að árlegum haustfundi.

Aðalframsögumenn verða þau Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Vilhjálmur Svansson og Guðlaugur Antonsson. Þau fjalla um ólík en mikilvæg mál-efni, baráttu okkar við sumarexemið og framtíðarsýn landsráðanautar.

Starfshópur sem skipaður var á s.l. aðalfundi til að fjalla um aðkomu kynbótahrossa að landsmótum skilar frá sér skýrslu á fundinum. Þessi skýrsla kemur vonandi til með að skapa umræður meðal hestamanna og gefa fagræði hugmyndir um hvað má gera betur í ræktunstarfinu.

Hrossaræktendum og hesteigendum er tíðrætt um ástand í markaðsmálum. Rætt er um að hrossasala sé dræm og að einungis seljist hross sem búa yfir keppniseiginleikum og þá einkum þau bestu. Það er áhyggjuefni ef svo er. Að mínu mati þarf að greina markaðinn með formlegri hætti frekar en af



tilfinningu, afla þarf upplýsinga um hlutverk þeirra hrossa sem skipta um eigendur og hvort hrossið teljist t.d. klárhross eða alhliðahross o.s.frv. Frekari upplýsingar um seld hross nýtast á hverjum tíma, ekki bara þegar ver árar í sölu hrossa. Við sem stundum hrossarækt þurfum að láta okkur markaðsmál varða og vinna með markvissari hætti að þeim.

Sú hugmynd er uppi hjá stjórn HS að blása til fundar eða málpings um markaðsmálin í byrjun næsta árs og verður það kynnt síðar. Einnig hefur stjórn í hyggju að vera með fræðslukvöld í febrúar í samstarfi við Félag tamningarmanna sem samanstandi af fyrirlestrum og verklegri sýnikennslu en það verður einnig kynnt betur síðar.

Með ræktunarkveðju.

Sveinn Steinarsson formaður

HAUSTFUNDUR HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn í félagsheimili Hestamannafélagsins Sleipnis, Hliðskjálfi á Selfossi (í hesthúsahverfinu, Suðurtröð), **miðvikudaginn 17. október kl. 20:00.**

Sigurbjörg Þorsteinsdóttir Dr. Med. Sc. ónæmisfræðingur mun kynna stöðuna á rannsókninni um sumarexem í hrossum en HS samþykkti á aðalfundi sínum árið 2011 að styrkja þessa rannsókn um 6.000.000 kr.

Guðlaugur Antonsson landsráðunautur í hrossarækt mun verða með framsögu á fundinum og fjalla um sína sýn á þróun íslenska hestsins.

Starfshópur sem skipaður var á síðasta aðalfundi HS, til að fjalla um aðkomu kynbótahrossa að landsmótum, mun gera grein fyrir niðurstöðum sínum.

Stjórnin hvetur félagsmenn til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í umræðum. Kaffi og meðlæti í boði samtakanna.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

Á DÖFINNI HJÁ HS

Haustfundur 17. október, fyrirlesarar, Sigurbjörg Porsteinsdóttir, Guðlaugur Antonsson og Þórdís Gunnarsdóttir.

Fræðslukvöld í janúar og febrúar, nánar auglýst síðar.

Ungfolasýning í apríl 2013 í tengslum við stóðhestasýninguna.

Ræktun 2013 verður 27. apríl 2013

Allir þessir viðburðir verða auglýstir frekar þegar nær dregur. Þátttaka í námskeiðum er niðurgreidd fyrir félagsmenn HS.

ÓSÓTTAR BÆKUR

Enn eru nokkur eintök ósótt af bókinni Hrossarækt 2011. Á síðasta ári ákvað Félag hrossabænda að styrkja útgáfu á bókinni Hrossaræktin 2011 og keypti bækur fyrir alla sína félagsmenn. Bækurnar má nálgast á skrifstofu Búnaðarsambands Suðurlands, Austurvegi 1 á Selfossi og hjá Bændasamtökum Íslands 3. hæð á Hótel Sögu. Þeir sem eiga enn ósóttar bækur ættu að drífa í að nálgast eintak.



AÐGANGUR AÐ WORLDFENG

Allir félagsmenn í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands eiga rétt á að fá aðgang að Worldfeng sér að kostnaðarlausu. Félagsmenn eru nú þegar þetta er skrifað 462 og eru 377 sem nýta sér aðganginn að Worldfeng. Ef einhverjir sem lesa þetta hafa ekki komist inn í Worldfeng þá er skýringin trúlega sú að netfang viðkomandi er ranglega skráð í WF. Endilega sendið tölvupóst á netfangið halla@bssl.is ef þið hafið ekki komist inn í WF þannig hægt verði að laga það. WF er ómissandi fyrir ræktendur og áhugafólk um



WWW.BSSL.IS/HROSSARAEKT

ÓSÓTTIR VERÐLAUNAGRIPIR

Enn er talsvert af ósóttum verðlaunagripum frá kynbótasýningum sem Búnaðarsamband Suðurlands stóð fyrir í sumar. Hægt er að nálgast þessa gripa á skrifstofu Búnaðarsambands Suðurlands, Austurvegi 1 Selfossi.

KYNBÓTASÝNINGAR Á FÉLAGSSVÆÐI HS SUMARIÐ 2012

Mikil þátttaka var í kynbótasýningum sumarsins. Á Suðurlandi voru dæmd 1.101 hross á 4 sýningum. Á Sörlastöðum í Hafnarfirði voru sýnd 52 hross en það var fyrsta sýning ársins á Suðvesturhorninu. Á Selfossi voru sýnd 402 hross og á Gaddstaðflötum 649 hross (423 á vorsýningu og 226 á síðsumarsýningu). Á landsvísu voru felldir 1.978 dómar en inni í þeirri tölu eru ekki dæmd hross á LM 2012 en þau voru 204.

STÓÐHESTASKÝRSLUR/ FANGVOTTORÐ

Eigendur stóðhesta eru minntir á að núna er rétti tíminn til að skila inn stóðhestaskýrslum/ fangvottorðum. Hægt er að skila þeim inn til skráningar hjá Búnaðarsambandi Suðurlands á Austurvegi 1 á Selfossi. Það er mikill fengur að því fyrir hryssueigendur að upplýsingar um fang skili sér inn í Worldfeng því annars geta þeir ekki sjálfir skráð folöldin í gegnum heimaréttina í Worldfeng. Eyðublöð má nálgast á skrifstofu Búnaðarsambands Suðurlands eða á heimasíðu BSSL www.bssl.is undir hrossarækt/eyðublöð.

Búnaðarsamband Suðurlands